

Rangárþing ytra  
Haraldur Birgir Haraldsson  
Suðurlandsvegi 1-3,  
850 Hellu

Garðabær, 2. maí 2025  
202504-0103/A.B.  
08.01

## Efni: Umsögn - Lýsing – Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028 - Vaðfitjanáma efnistökusvæði.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 15. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 vegna Vaðfitjanámu.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skilgreina um 11 ha efnistökusvæði úr landi Landmannaafreittar, nánar tiltekið á Þjórsáreyrum, austan við Þjórsá og sunnan Sultartangalóns og Vaðöldu. Gert verði ráð fyrir allt að 80.000 m<sup>3</sup> efnistöku.

### Umhverfismat

Í greinargerð segir: *Í umhverfismatsskýrslu áætlunar eru áhrif af skipulagsáformum metin. Hafa þarf í huga nákvæmni áætlunar og stöðu hennar á skipulagsstigi. Við breytingu aðalskipulags er óvíst að hægt sé að meta öll umhverfisáhrif með fullnægjandi hætti vegna skorts á fyrirliggjandi gögnum og/eða upplýsingum.*

Í innganginum segir svo: *Í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, liður 2.02 í 1. viðauka eru framkvæmdirnar, sem fyrirhuguð skipulagsbreyting mun taka til, tilkynningaskyldar. Fyrirspurn um matsskyldu verður unnin samhliða skipulagsáætlunum og send til Skipulagsstofnunar.*

Náttúruverndarstofnun bendir á að ef óvíst að hægt sé að meta öll umhverfisáhrif með fullnægjandi hætti vegna skorts á fyrirliggjandi gögnum og/eða upplýsingum, er mikilvægt að afla sé gagna til að meta áhrif tillögunnar/framkvæmdarinnar á umhverfi og náttúru.

### Jarðmyndanir

Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að undir umhverfisþættinum náttúrufar eða náttúruminjar sem sett fram matsspurning um hvort að framkvæmdin mun hafa áhrif á jarðmyndanir sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

### Landslag

Náttúruverndarstofnun bendir á að markmið náttúruverndarlaga er að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal

stefnt að því að varðveita skipulega heildarmynd af jarðfræðilegum ferlum og fyrirbærum sem gefa samfellt yfirlit um jarðsögu landsins.

Náttúruverndarstofnun tekur undir mikilvægi þess að lögð sé áhersla á góða umgengi á nýtingartíma og vandaðan frágang við verklok. Náttúruverndarstofnun bendir á að umferð ferðamanna um svæðið er nokkur. Skipulagssvæðið er opið landslag þar sem er víðáttu og land er tiltölulega slétt. Allar breytingar verða því mjög sýnilegar og erfitt er að forðast sýnilega efnistöku á framkvæmdatíma. Mikilvægt er að laga efnistöku að þeim landformum sem fyrir eru. Ummerki skammtíma efnistöku geta verið mjög lítil.<sup>1</sup>

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

***sérfræðingur***

Sveinn Kári Valdimarsson

***sérfræðingur***

---

<sup>1</sup> <https://www.namur.is/jardmyndanir-og-landslag/thol/>